

136. fundur dómara nefndar 30. september kl. 18:00 í Laugardalslaug, Reykjavík.

Mættir: Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.
Gestur fundarins Leifur Guðni Grétarsson.

Förföll: Lárus Lúðvík Hilmarsson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Sigurbór Sævarsson.

Fundarefni:

Leifur Guðni kynnti fyrir dómara nefnd Jira og notkun þess. Uppfæra upplýsingar í Jira er varða dómaramál á mótum.

Sundmót á haustönn 2025 samkvæmt atburðadagatali:

Október - Nettómót Ægis, 4. – 5. okt., CUBEmót SH, 18. – 19. okt.,

Nóvember - Speedomót ÍRB, 1. nóv., ÍM25, 7. – 9. nóv., Haustmót Breiðabliks 22.-23. Nóv. Norðurlandameistaramót í sundi, 28. – 30. nóv.

Desember - Desembermót Óðins, 6. des., Desembermót Ármanns, 5. – 7. des., Jólamót SH, 13. des., Metamót ÍRB, 16. – 17. des.

Dómaranámskeið á haustönn 2025:

1. október í Pálsstofu, Laugardalslaug, kl. 18:00

15. október í Ásvallalaug, Hafnarfirði, kl. 18:00

12. nóvember í Pálsstofu, Laugardalslaug, kl. 18:00

Dómaranemar uppfærðir í almenna dómara:

Gunnar Geir Magnússon – SH og Kristín Guðrúnardóttir - Óðinn

Bikar 2025 : ágætlega gékk að manna Bikar 2025. Stutt mót 2 mótshlutar.

Erlend verkefni: Norðurlandam.mót í Nóvember haldið á Íslandi – 28. – 30. Nóvember, EM í Lublin, Póllandi sem fram fer í desember. Tvær umsóknir bárust til þátttöku á EM: Ragnheiður Birna Björnsdóttir og Tómas Gísli Guðjónsson bæði frá SH. Hafa þær verið sendar til EA til umsagnar.

Siðareglur dómara: Stjórn SSÍ hefur tekið til umsagnar og samþykkt tillögu dómara nefndar um „siðareglur dómara“ og verða gögn því birt á heimasíðu SSÍ.

WA Technical Officials pathway and appointments rules: stjórn SSÍ hefur mótttekið spurningalista frá dómara nefnd og sent áfram til WA og EA til frekari meðferðar.

Sundreglur WA: Sundreglur WA er lifandi skjal sem þarf stöðugt að fylgjast með og uppfæra. Nýjasta uppfærsla er frá 23. júní sl. og hefur verið send til stjórnar SSÍ til birtingar á heimasíðu SSÍ.

Önnur mál:

Rædd var skýrsla Ragnheiðar Birnu um Swimify appið og notkun þess. Sjá í viðhengi skýrslu sem lögð er til stjórnar SSÍ til upplýsingar og umfjöllunar. Fylgiskjal #1

Dómaranefnd er að vinna í að halda yfirdómarafund, verið er að vinna að stað og dagsetningu sem auglýst verður síðar.

Fundi slitið kl. 21:00

Næsti fundur dómaranefndar verður 28. október í Pálsstofu.